



FJÖLDAÞRÓUN

**ÖRORKU-
LÍFEYRISÞEGA**

Kolbeinn H. Stefánsson

Samantekt

- Örorkulífeyrisþegum hefur fjölgað umtalsvert frá aldamótum en breytingin yfir það langt tímabil gefur villandi mynd af þróun undanfarinna ára. Raunar hægði á fjölguninni eftir 2005 og nýjustu gögn benda enn fremur til að það hafi hægt enn frekar á henni frá 2017.
- Örorkulífeyrisþegum fjölgaði á milli 2008 og 2019 og fóru frá því að vera 7% af mannfjölda á vinnualdri í janúar 2008 í 7,8% í janúar 2019. Um 0,4 prósentustig af hækkuninni er hægt að rekja til breytingar á aldursamsetningu íbúa landsins og 0,4% til annarra þátta.
- Frá janúar 2017 hefur fjöldi örorkulífeyrisþega svo gott sem staðið í stað við 18 þúsund einstaklinga en hlutfall hópsins af mannfjölda á vinnualdri hefur hinsvegar lækkað, úr 8,2% í 7,8%. Þannig virðist vera að draga úr fjölgun örorkulífeyrisþega á undanförunum tveimur árum.
- Fjölgun örorkulífeyrisþega frá einu ári til annars er ekki stöðug yfir tíma, sem bendir til þess að ýmsir ytri þættir hafi áhrif fremur en að fjölgunin sé drifin áfram af eiginleikum örorkulífeyriskerfisins sem slíks.
- Nokkuð hefur verið rætt um fjölgun örorkulífeyrisþega á meðal ungra karla. Hlutfall örorkulífeyrisþega á meðal 20-24 ára karla hækkaði um 0,9 prósentustig á milli árána 2008 og 2019. Það er nokkur hækkun en af mjög lágum grunni. Hækkunin var líka minni í prósentustigum talið en á meðal kvenna á aldursbilum 35-44 ára og 50-59 ára sem lagðist að auki ofan á hærrí grunnprósentu.
- Stærstur hluti fjölgunar örorkulífeyrisþega verður rakinn til kvenna 50 ára og eldri (rúm 40%), bæði vegna þess að vægi hópsins í mannfjöldanum hefur aukist, en einnig vegna hækkandi tíðni örorkulífeyrisþega í hópnum. Konur eru á hverjum tíma um 60% af örorkulífeyrisþegum og munurinn á milli karla og kvenna eykst með aldri, sem bendir til þess að stefnumótun þurfi að taka á því sem er ólíkt í lífshlaupi karla og kvenna og veldur þessum mun.
- Geðraskanir eru fjölmennasti flokkur greininga til grundvallar 75% örorku- og endurhæfingarmats. Á tímabilinu 2000-2008 var fjölgunin mest í greiningum á grundvelli stoðkerfisvandamála og áverka en frá 2008-2018 var fjölgunin mest í greiningum á geðröskunum og „öðrum ástæðum“.
- Spálíkön um þróun fjölda örorkulífeyrisþega út frá mannfjöldapróun og breytingum á aldursamsetningu samfélagsins eru ónákvæm og misvísandi. Spálíkön eru eðli málsins samkvæmt háð mikilli óvissu en til að þau séu gagnleg þurfa þau að byggja á meiri og betri upplýsingum, svo sem þróun brottfalls af örorkulífeyri og mismun áhættuþátta á milli kynslóða og á milli karla og kvenna. Þetta á einnig við um áætlanir um þróun kostnaðar hins opinbera og samfélagsins af örorku. Þá er einnig skynsamlegt að stefnumótun til að draga úr örorku á Íslandi byggji á haldgóðri þekkingu á sömu þáttum, þannig að hægt sé að fyrirbyggja örorku og bjóða upp á áhrifarík úrræði til endurhæfingar.



1. Inngangur

Fjölgun örorkulífeyrisþega hefur verið nokkuð plássfrel í íslenskri þjóðmálaumræðu um all-nokkurt skeið. Kjarni umræðunnar er að örorkulífeyrisþegum fjölgi hratt með tilheyrandi kostnaði fyrir hið opinbera og samfélagið allt. Vaxandi kostnaður kallar svo á viðbrögð í formi róttækra breytinga á almannatryggingum og endurhæfingu. Þá veldur fjölgun í röðum ungra örorkulífeyrisþega, sérstaklega á meðal ungra karla, mörgum hugarangri.

Það er óneitanlega þannig að örorkulífeyrisþegum hefur fjölgað umtalsvert frá miðjum 10. áratug síðustu aldar. Sagan er þó allnokkuð flóknari en ætla mætti af almennri umræðu. Fjölgun örorkulífeyrisþega hefur ekki verið stöðug yfir tímabilið og raunar hefur dregið mikið úr henni. Ef við horfum til lengri tímabila, svo sem aldamóta eða ársins 1994 sem er eins langt aftur og lengsta tímaröð Hagstofu Íslands um þetta viðfangsefni nær, er hætt við að örari fjölgun örorkulífeyrisþega í upphafi tímabilsins leiði okkur að rangri niðurstöðu um það sem hefur verið að gerast á undanförunum árum ef niðurstöðurnar eru settar fram eins og þróunin hafi verið stöðug. Þá er fjölgun örorkulífeyrisþega á undanförunum árum ekki drifin áfram af ungu fólki heldur fyrst og fremst af konum á og yfir miðjan aldur.



Hér að neðan verður farið yfir lykiltölur er varða fjölgun örorkulífeyrisþega. Í öðrum hluta verður gerð grein fyrir fjöldapróun þeirra á tímabilinu 1994-2019, bæði almennt og að teknu tilliti til mannfjöldapróunar og breytinga á aldursamsetningu íslensks þjóðfélags. Niðurstöðurnar benda til þess að margt hafi verið ofsagt um fjölgunina.

Í þriðja hluta verður rýnt í hvaða hópar hafa lagt mest til fjölgunarinnar út frá kyni og aldri. Niðurstöðurnar gefa vísbendingu um hvar sé best að leita að orsökum örorku og skýringum á þróun undanfarinna ára. Í fjórða hluta er fjölgun örorkulífeyrisþega framreiknuð til ársins 2030 út frá þróun fjölda og aldursamsetningar íbúa landsins á vinnualdri (18-66 ára). Sérstaklega verður fjallað um þá óvissu sem óhjákvæmilega fylgir spám um fjöldapróun örorkulífeyrisþega og um þann kostnað sem leiðir þar af.


Í fimmta hluta verður fjallað um hvernig greiningar til grundvallar örorku- og endurhæfingarmats hafa breyst frá aldamótum. Í sjötta og síðasta hluta eru megin niðurstöður dregnar saman og fjallað um hvað þær þýða, bæði hvað varðar opinbera umræðu og stefnumótun um örorku.

”

**ÞÁ ER FJÖLGUN ÖRORKU-
LÍFEYRISÞEGA Á UNDAFÖRUNUM
ÁRUM EKKI DRIFIN ÁFRAM AF
UNGU FÓLKI HELDUR FYRST OG
FREMST AF KONUM Á OG YFIR
MIÐJAN ALDUR**

Í þessari greinargerð er athyglinni beint að örorkulífeyrisþegum. Örorkustyrkþegar eru ekki hluti af umfjölluninni enda útgjöld þeirra fremur lítil hluti af útgjöldum vegna örorku sem helgast af fámenni hópsins og mjög takmarkaðra réttinda sem leiða af örorku sem er metin á bilinu 50-74%. Þá er eingöngu horft til einstaklinga með virk réttindi, þ.e. þeirra sem fá örorkulífeyrisgreiðslur. Á hverjum tíma eru einstaklingar sem hafa fengið 75% örokumat, en hafa ekki virk réttindi til örorkulífeyris. Þeirra á meðal eru einstaklingar sem dveljast á stofnunum og fá þá ráðstöfunarfé í stað örorkulífeyris (135 í desember 2017 samkvæmt Hagstofu Íslands), einstaklingar sem fá örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum eingöngu (250 í desember 2017 samkvæmt Hagstofu Íslands), einstaklingar sem hafa of háar tekjur frá öðrum en Tryggingastofnum (um 850 manna hópur samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun), einstaklingar sem ekki skiluðu skattskýrslu árið áður og að lokum einstaklingar sem hafa nýverið fengið 75% örokumat en ekki komnir með örorkulífeyri.

Tölurnar um fjölda örorkulífeyrisþega með virk réttindi koma úr staðtölum Tryggingastofnunar og miða við janúar ár hvert, bæði hvað varðar fjölda lífeyrisþega og mannfjölda. Hagstofa Íslands birtir samskonar tölur, sem miða við 1. desember. Gögn Hagstofunnar koma frá Tryggingastofnun en ætla má að einhver munur sé á úrvinnslu þeirra auk þess sem gögnin vísa til ólíkra mánaða á hverju ári.




Það má líta á tölur Hagstofunnar um fjölda örorkulífeyrisþega sem hina opinberu talingu en gögn Tryggingastofnunar hafa þann kost að vera tímanlegri, þ.e. nýjustu tölur Hagstofunnar eru fyrir desember 2017 en nýjustu tölur Tryggingastofnunar eru fyrir janúar 2019. Spurningin er þá hvort tölur beggja aðila gefi svipaða mynd af þróuninni. Mynd 1 ber saman tölur Hagstofunnar fyrir desember tiltekið ár saman við tölur Tryggingastofnunar fyrir janúar árið eftir. Þó tölur stofnananna lendi á sitt hvoru árinu endurspeglar þær tvo samliggjandi mánuði og ættu því að vera nokkuð svipaðar. Það er raunin. Níu ár af ellefu er munurinn 0,1 prósentustig en tvö ár er engin munur. Hlutfallið er hærra hjá Tryggingastofnun sjö ár af þeim níu sem eru munur á tölunum. Munurinn er hinsvegar sáralítill og skýrist sennilega af breytingum á milli mánaða.

2. Fjölgun örorkulífeyrisþega á tímabilinu 2008-19

Fyrir skemmstu kom út skýrsla OECD um ástand og horfur íslenska efnahagslífsins þar sem meðal annars kom fram að örorkulífeyrisþegum hefði fjölgað umtalsvert það sem af er þessari öld.ⁱ Skömmu áður mátti lesa í fréttum að fjöldi öryrkja hefði tvöfaldast frá aldamótum.ⁱⁱ ⁱⁱⁱ Þær upplýsingar sem komu fram í fréttum og í skýrslu OECD eru réttar, svo langt sem það nær. Engu að síður er ástæða til að staldra við og skoða nánar þau gögn sem liggja fyrir um fjöldapróun örorkulífeyrisþega, því hvort sem við horfum til aldamóta eða á miðjan tíunda áratug síðustu aldar er ljóst að tímabilið sem er undir er orðið nokkuð langt og ef þróunin hefur tekið breytingum yfir tíma er hætt við að þróunin á fyrstu árum tímabilsins liti skilning okkar á því sem hefur verið að gerast á undanförunum árum.

MYND 2: Fjölgun örorkulífeyrisþega frá fyrra ári miðað við 1. desember ár hvert



Mynd 2 sýnir fjölgun örorkulífeyrisþega frá ári til árs á tímabilinu 1994 til 2016. Myndin byggir á gögnum Hagstofu Íslands. Myndin sýnir að fjölgunin var nokkuð ör í kringum aldamót og fyrstu ár nýrrar aldar. Þannig fjölgaði örorkulífeyrisþegum um 8,7% á milli 1998 og 1999 og 7,6% á milli 1999 og 2000. Á milli árunna 2001 og 2005 fjölgaði örorkulífeyrisþegum á bilinu 6,2% og 7,3% á milli ára. Eftir 2005 hefur fjölgun örorkulífeyrisþega hinsvegar verið mun hægari.

Til að draga fram muninn á tímabilunum er ágætt að miða við áramótin 2007 og 2008, en árið 2007 voru samþykkt ný lög um almannatryggingar. Slík breyting leiðir til þess sem er kallað „rof í tímaröð“ sem þýðir að tölurnar fyrir og eftir breytingu eru ekki að öllu leyti sambærilegar enda byggja þær á ólíkum reglum, ferlum og skilgreiningum.

Ef tímabilið 2008 til 2016 er borið saman við tímabilið 2000 til 2007 er ljóst að fjölgun örorkulífeyrisþega var mun örari á fyrra tímabilinu en því seinna. Á milli 2000 og 2007 fjölgaði örorkulífeyrisþegum um 46% en á milli 2007 og 2016 var fjölgunin 28,3%. Að meðaltali fjölgaði örorkulífeyrisþegum um 5,6% frá ári til árs á fyrra tímabilinu en um 2,8% á því seinna, sem nemur um 612 einstaklingum hvert ár á fyrra tímabilinu en um 428 einstaklingum á ári á því seinna.



FRÁ ÁRINU 2006 HEFUR FJÖLGUN ÖRORKULÍFEYRISÞEGA VERIÐ UMTALSVERT HÆGARI EN ÁRATUGINN Á UNÐAN


Það er því ljóst að þróunin var nokkuð ólík á milli þessara tveggja tímabila þar sem fjölgun örorkulífeyrisþega var umtalsvert örari á því fyrra en því seinna. Það er hinsvegar hæpið að hægari fjölgun á seinna tímabilinu verði rakin til nýrra laga um almannatryggingar enda byrjaði að hægja á fjölgun örorkulífeyrisþega strax eftir árið 2004. Engu að síður er ljóst að ef horft er til aldamóta eða jafnvel lengra aftur, er hætt við að skilningur okkar á þróun síðustu ára litist af þeirri mun örari fjölgun sem átti sér stað flest árin á milli 1994 og 2005. Það er vissulega rétt hjá OECD að fjölgun örorkulífeyrisþega hefur verið mikil, ef við berum nýjustu tölur saman við árið 1994 (eða 2000) en það er jafnframt ljóst að frá árinu 2006 hefur fjölgun örorkulífeyrisþega verið umtalsvert hægari en áratuginn á undan.

”

**RAUNAR HEFUR HEILDARFJÖLDI
ÖRORKULÍFEYRISÞEGA SVO GOTT
SEM STAÐIÐ Í STAÐ Á MILLI
2017 OG 2019**


Hér á eftir munu greiningar einblína á tímabilið frá 2008 og fram til 2019 eins og það birtist í tölum Tryggingastofnunar ríkisins. Tölur Tryggingastofnunar eru tímanlegri en tölur Hagstofunnar en eru birtar með fyrirvara um að nýlegri tölur kunni að breytast við endurskoðun vegna afturvirktrar skráningar örorkulífeyrisþega. Það að miða upphaf tímabilsins við árið 2008 helgast af nýrri löggjöf um almannatryggingar auk þess sem það gefur betri mynd af núverandi stöðu, að miða við styttra tímabil, samanber það sem kom fram hér að framan.

MYND 3: Fjöldi örorkulífeyrisþega janúar ár hvert, 2018-19 eftir kyni




Á tímabilinu 2008-2019 fjölgaði örorkulífeyrisþegum úr 14.261 í 18.061 miðað við janúar ár hvert, eða um 3.800 einstaklinga samkvæmt staðtölum Tryggingastofnunar ríkisins (Mynd 3). Um 50% fleiri konur en karlar voru með örorkulífeyri hvert þeirra ára sem hér er til skoðunar. Í janúar 2019 voru 10.924 konur með örorkulífeyri og hafði fjölgað um 2.327 einstaklinga frá 2008, aukning sem nemur 27,1% en á sama tíma voru 7.137 karlar með örorkulífeyri og hafði fjölgað um 1.473 frá 2008, eða sem nemur 26%. Það er hinsvegar athyglivert að þó það sé óumdeilanlegt að örorkulífeyrisþegum fjölgaði á milli 2008 og 2019 virðist hafa dregið nokkuð úr fjölguninni eftir 2017 og raunar hefur heildarfjöldi örorkulífeyrisþega svo gott sem staðið í stað á milli 2017 og 2019. Þannig má segja að breytingin á milli 2008 og 2019 gefi ekki rétta mynd af stöðu mála í dag og breytingin frá aldamótum enn síður. Örorkulífeyrisþegum hefur fjölgað umtalsvert frá aldamótum, nokkuð frá 2008 en lítið sem ekkert frá 2017 miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir í dag.

MYND 4: Örorkulífeyrisþegar sem hlutfall af mannfjölda 18-66 ára í janúar ár hvert



MYND 5: Hlutfallsleg (%) fjölgun örorkulífeyrisþega frá fyrra ári í janúar ár hvert




Fjöldi örorkulífeyrisþega segir í sjálfu sér ekki mikið, heldur er nauðsynlegt að setja fjöldan í samhengi við fjölda fólks sem býr á landinu. Á árunum 2008 til 2017 fjölgaði örorkulífeyrisþegum sem hlutfalli af mannfjöldanum á vinnualdri, úr 7% í 8,2%, eða um 1,2 prósentustig (Mynd 4). Eins og kom fram hér að ofan hefur fjöldi örorkulífeyrisþega staðið í stað eftir 2017 en íbúum landsins á vinnualdri hefur haldið áfram að fjölga og fyrir vikið lækkaði hlutfall örorkulífeyrisþega eftir 2017, úr 8,2% í 7,8% árið 2019. Á milli 2008 og 2019 hefur örorkulífeyrisþegum sem hlutfall af mannfjölda á sama aldri hækkað um 0,8 prósentustig, en á milli 2017 og 2019 hefur hlutfallið lækkað um 0,4 prósentustig.



**FJÖLDI ÖRORKULÍFEYRISÞEGA
STABIÐ Í STAÐ EFTIR 2017**

Hér að ofan var fjallað um hlutfallslegar breytingar yfir lengri tímabil og meðal breytingar frá ári til árs yfir sömu tímabil. Af slíkri framsetningu mætti ef til vill draga þá ályktun að fjölgunin sé nokkuð stöðug yfir tímabil. Svo er hinsvegar ekki. Mynd 5 sýnir hlutfallslega breytingu á fjölda örorkulífeyrisþega frá ári til árs á tímabilinu 2008 til 2019. Á milli 2008 og 2009

MYND 6: Aldursdreifing íbúa landsins, 18-66 ára, árin 2008 og 2019




fjölgaði örorkulífeyrisþegum um 3,5% en næstu tvö ár á eftir dró úr fjölguninni. Svo jókst fjölgunin aftur og náði hámarki á milli 2015 og 2016 þegar örorkulífeyrisþegum fjölgaði um 4,1% á milli ára (sem er þó minni fjölgun en flest árin á milli 1994 og 2005). Eftir 2016 dró hinsvegar aftur úr fjölguninni og á milli 2018 og 2019 fjölgaði örorkulífeyrisþegum aðeins um 0,1%. Þó verður að hafa í huga að þetta hlutfall mun sennilega hækka með uppfærslu talnaefnis Tryggingastofnunar þó það sé fremur ólíklegt að sú hækkun leiði til efnislega ólíkrar niðurstöðu. Það að fjölgun örorkulífeyrisþega sé breytileg frá ári til árs er vísbending um að fjöldaprúningin stjórnist að miklu leyti af ytri áhrifaþáttum fremur en eingöngu lýðfræði og svo kerfislegum þáttum í almannatryggingakerfinu.

Þó lýðfræðin ein og sér drífi ekki fjölgun örorkulífeyrisþega er engu að síður ástæða til að skoða hlutverk hennar aðeins nánar, enda aukast líkurnar á örorku með aldri og aldur þjóðarinnar hefur verið að hækka eins og kemur fram á mynd 6. Meðalaldur íbúa landsins hækkaði um 1,9 ár á tímabilinu 2008 til 2019, úr 36,2 árum í 38,1 ár. Breytingin felst einkum í hækkingu hlutfalls fólks á aldrinum 55-66 ára, úr 17,6% í 20,9% fólks á vinnualdri, og lækkandi hlutfalls fólks á aldrinum 40-54 ára, úr 32,5% í 29,1%. Sú þróun ein og sér ætti að leiða til fjölgunar örorkulífeyrisþega, að öllu öðru óbreyttu.



Tíðni örorkulífeyrisþega af öllu fólki á vinnualdri eru í raun samtala tíðni örorku á mismunandi aldursbilum, það sem tíðni hvers aldursbils er vegið með vægi aldursbilsins í heildarmannfjöldanum. Það þýðir að við getum metið hve mikill hluti fjölgunar örorkulífeyrisþega á milli 2008 og 2019 með því að taka tíðnina fyrir mismunandi aldursbil árið 2008 og vegið þau með vægi aldursbilanna í mannfjöldanum 2019 og borið niðurstöðuna saman við mælda fjölgun. Niðurstaðan úr útreikningnum er fjölgunin sem er hægt að rekja til breyttrar aldurssamsetningar íbúa landsins og munurinn á henni og mældri fjölgun örorkulífeyrisþega er sá hluti fjölgunarinnar sem verður rakinn til annarra þátta.

Mynd 7 sýnir fjölda örorkulífeyrisþega á mismunandi aldursbilum árið 2019 ásamt því hver fjöldinn hefði verið árið 2008 ef hlutfall örorkulífeyrisþega á mismunandi aldursbilum hefði haldist óbreytt á milli 2008 og 2019. Í efsta aldursbilinu (60-66 ára) voru örorkulífeyrisþegar færri árið 2019 en þeir hefðu verið ef hlutföllin hefðu haldist óbreytt frá 2008, eða 4.883 í stað 5.213. Á öðrum aldursbilum voru örorkulífeyrisþegar fleiri en þeir hefðu verið ef hlutföllin hefðu verið þau sömu árið 2019 og þau voru árið 2008.



Hvað varðar heildarmyndina þá hækkaði hlutfall örorkulífeyrisþega af mannfjölda á vinnualdri um 0,8 prósentustig á milli 2008 og 2019, eins og áður hefði komið fram. Ef tíðnin hefði haldist óbreytt í öllum aldurshópum hefði hlutfallið hækkað um 0,4 prósentustig. Það þýðir að af þessum 0,8 prósentustigum sem hlutfall örorkulífeyrisþega hækkaði um yfir tímabilið er hægt að rekja um helming hækkunarinnar til lýðfræðilegra þátta. Með öðrum orðum, ef aldurssamsetningin hefði haldist óbreytt þá hefði hlutfall örorkulífeyrisþega farið úr 7% í janúar 2008 í 7,4% í janúar 2019 en fór í 7,8%.


Það að hlutfall örorkulífeyrisþega af fólki á vinnualdri hafi hækkað um 0,4 prósentustig vegna þátta annarra en breyttrar aldurssamsetningar íbúa landsins, er ekki í samræmi við umræðuna um fjölgun örorkulífeyrisþega. Aftur á móti er mikilvægt að hafa í huga að mat á áhrifum lýðfræðilegra breytinga byggja á þeirri forsendu að allt annað haldist óbreytt, sem er sjaldnast tilfellið. Til að mynda er líklegt að það séu nokkur munur á lífshlaupi kynslóða sem valdi því að líkurnar á að fólk missi starfsgetu þegar tilteknum aldri er náð eru ekki endilega þær sömu fyrir fólk fætt á áttunda áratugnum og þeim níunda, svo dæmi sé nefnt. Það er

Því ekkert óhjákvæmilegt við að lýðræðilegar breytingar hafi áhrif á fjölda örorkulífeyrisþega heldur er fjöldi annarra þátta sem hefur áhrif þar á. Þekking á samspili kynslóðar og orsaka örorku er mikilvæg forsenda þess að geta skýrt þróunina og brugðist við henni á áhrifaríkan hátt.

3. Hvaðan kemur fjölgunin

Fram til þessa höfum við einblínt á hina almennu þróun fjölda örorkulífeyrisþega. Við höfum séð að örorkulífeyrisþegum hefur sannarlega fjölgað frá aldamótum, að það hægði á fjölguninni eftir árið 2005 og að eins og gögnin líta út í dag virðist fjöldi örorkulífeyrisþega lítið hafa breyst á milli 2017 og 2019. Raunar hefur hlutfall örorkulífeyrisþega af íbúum landsins á aldrinum 18-66 ára lækkað eftir 2017.

MYND 8: Örorkulífeyrisþegar sem hlutfall af mannfjölda á sama aldri 2019, eftir kyni og aldri



Ungt fólk, og sérstaklega ungir karlmenn, hafa fengið allnokkra athygli í umræðunni um fjölgun örorkulífeyrisþega. Það má ekki gera lítið úr vanda ungra öryrkja og full ástæða til að huga vandlega að úrræðum fyrir þá sérstaklega. En í samhengi við fjölgun örorkulífeyrisþega hefur áherslan á ungt fólk og unga karla beint athyglinni frá því sem hefur hvað mest áhrif á fjölgun örorkulífeyrisþega.

”


**EN Í SAMHENGI VIÐ FJÖLGUN
ÖRORKULÍFEYRISÞEGA HEFUR
ÁHERSLAN Á UNGT FÓLK OG UNGA
KARLA BEINT ATHYGLINNI FRÁ ÞVI
SEM HEFUR HVAÐ MEST ÁHRIF Á
FJÖLGUN ÖRORKULÍFEYRISÞEGA**

Mynd 8 sýnir hvernig líkurnar á því að vera örorkulífeyrisþegi eru breytilegar eftir bæði aldri og kyni. Við höfum áður séð að konur eru heilt yfir líklegri en karlar til að vera örorkulífeyrisþegar en núna sjáum við að líkurnar á að vera örorkulífeyrisþegi hækka með aldri fyrir bæði kynin en mun hraðar fyrir konur en karla. Þannig eru karlar á aldrinum 18-24 ára ögn líklegri til að vera örorkulífeyrisþegar en konur á sama aldri. Líkurnar eru mjög svipaðar fyrir karla og konur á aldrinum 25-29 ára en á eldri aldursbilum eru konur líklegri en karlar til að vera með örorkulífeyri og munurinn á kynjunum eykst með aldri. Þannig munar 2 prósentustigum á konum og körlum á aldrinum 30-34 ára en 8,7 prósentustigum á aldrinum 60-66 ára. Þetta er vísbending um að orsakir örorku liggi ekki


aðeins í lífshlaupi fólks heldur skipti munurinn á lífshlaupi karla og kvenna höfuð máli. Það er eitthvað í þeim aðstæðum sem íslenskt samfélag býr konum sem skapar þeim auknar líkur á að fara á örorkulífeyri í samanburði við karla. Mögulegar skýringar gætu legið í kynbundinni verkaskiptingu á vinnumarkaði, aukinni byrði kvenna af heimilishaldi, af umönnun barna sem og eldri eða veikra fjölskyldumeðlima, og kynbundnu ofbeldi, svo dæmi séu nefnd.

Fjölgun örorkulífeyrisþega á milli 2008 og 2019 er breytileg eftir kyni og aldri (Mynd 9). Mynstrin eru þó ögn flóknari en varðandi samband örorkulífeyris við kyn og aldur á tilteknum tímavörðum. Á meðal karla hækkaði hlutfallið mest á meðal 20-24 ára, um 0,9 prósentustig. Hér verður þó að hafa í huga að þessi aukning leggst ofan á mjög lága grunnprósentu. Á meðal kvenna eru það fjögur aldersbil þar sem fjölgun örorkulífeyrisþega sem hlutfall af mannfjölda á sama aldri er hærri í prósentustigum talið en á meðal karla á aldrinum 20-24 ára. Mest var aukningin á meðal kvenna á aldrinum 35-39 ára (1,6 prósentustig), svo kvenna á aldrinum 55-59 ára (1,4 prósentustig), þá kvenna á aldrinum 40-44 ára (1,1 prósentustig) og svo loks konur á aldrinum 50-54 ára (1 prósentustig). Eins og áður hefur komið fram hafa ungir karlar fengið allnokkra athygli í umræðunni um fjölgun örorkulífeyrisþega en við sjáum engu að síður að ekki aðeins er aukningin meiri á meðal fjögurra aldurshópa kvenna en á meðal ungra karla heldur leggst hækkingin einnig ofan á umtalsvert hærri grunnprósentur.

MYND 9: Breyting á fjölda örorkulífeyrisþega sem hlutfall af mannfjölda á sama aldri á milli 2008 og 2019, í prósentustigum




MYND 10: Framlag til fjölgunar örorkulífeyrisþega á milli 2008 og 2019 eftir kyni og aldri



Myndir 10 og 11 gera skýrari mynd af því hvað samspil hækkana og grunnprósenta þýðir varðandi fjölgun örorkulífeyrisþega. Myndirnar sýna báðar hlutfallslegt framlag mismunandi aldurshópa eftir kyni til heildar fjölgunar örorkulífeyrisþega á milli 2008 og 2019. Framlag hópanna ákvarðast í senn af breytingum á fjölda örorkulífeyrisþega innan þeirra og á stærð hópanna á milli þessara tveggja tímamunkta. Upplýsingarnar í myndunum eru þær sömu, mynd 10 er raðað eftir kyni og aldri en mynd 11 eftir hlutfallslegu framlagi hópanna.


MYND 11: Hlutfallslegt (%) framlag hópa til fjölgunar örorkulífeyrisþega á milli 2008 og 2019, eftir kyni og aldri



Sá hópur sem leggur mest til fjölgunarinnar eru konur á aldrinum 60-66 ára (22,4%). Næst koma konur á aldrinum 55-59 ára (13,5%) þá karlar á aldrinum 60-66 ára (13,2%) og svo konur á aldrinum 35-39 ára (8%). Þrátt fyrir nokkuð háa hlutfallslega hækkun á meðal karla á aldrinum 20-24 ára er framlag þeirra til heildarfjölgunar örorkulífeyrisþega á milli 2008 og 2019 aðeins 4,3%.

Frá öðru sjónarhorni lítur þetta þannig út: 42,3% af fjölguninni er tilkominn vegna kvenna á aldrinum 50-66 ára. Það er meira en framlag allra karla til fjölgunarinnar, sem nemur 38,8%.

MYND 12: Áætluð æviár við góða heilsu 2004-15 eftir kyni



Framlag ungra karla, á aldrinum 18-24 ára, er 9,1%. Ef við skilgreinum „unga karla“ sem yngri en 30 ára má rekja 17,5% fjölgunarinnar til þeirra. Framlag karla á aldrinum 50-66 ára nemur 21,7% af fjölguninni. Ungt fólk (18-30 ára) af báðum kynjum á um 11,8% af fjölguninni. Fjölgun örorkulífeyrisþega á milli 2008 og 2019 er því ekki tilkomin vegna ungs fólks og þaðan af síður til ungra karla heldur verður hún fyrst og fremst rakin til kvenna á og yfir miðjum aldri.

Þetta leiðir okkur aftur að því hvernig mismunandi lífshlaup kynjanna og breytingar á lífshlaupinu á milli kynslóða hafa ólíkar afleiðingar fyrir heilsu og velferð kvenna og karla. Evrópska hagstofan Eurostat birtir mælingu á fjölda ára sem einstaklingar fæddir tiltekið ár geta vænst

að lifa við góða heilsu.^{iv} Mælingin notar upplýsingar um heilsufarstengdar hamlanir úr evrópsku lífskjararannsókninni (EU-SILC) og áætlaðar lífslíkur við fæðingu til að áætla hve mörg ár af ætlaðri æfi, karlar og konur geta vænst þess að búa við góða heilsu. Það liggur fyrir að konur lifa að jafnaði lengur en karlar en samkvæmt nýjustu mælingu Eurostat fyrir Ísland gátu drengir fæddir árið 2015 vænst fleiri ára við góða heilsu en stúlkur fæddar sama ár, eða 71,5 ári samanborið við 66,2 ár (mynd 12). Annað sem er athyglivert við þessa mælingu að í kjölfar hrunsins fækkaði þeim árum sem bæði kynin gátu vænst þess að njóta góðrar heilsu en eftir 2009 fór árunum að fjölga sem karlar gátu vænst að búa við góða heilsu en hélt áfram að fækka fyrir konur. Það virðist því að endurreisnin í kjölfar hrunsins hafi haft mjög ólíkar afleiðingar fyrir kynin, a.m.k. hvað varðar heilsu.



”

42,3% AF FJÖLGUNINI ER TILKOMINN VEGNA KVENNA Á ALDRINUM 50-66 ÁRA. ÞAÐ ER MEIRA EN FRAMLAG ALLRA KARLA TIL FJÖLGUNARINNAR


4. Fjölgun örorkulífeyrisþega fram til 2030

Tölfræðileg spálíkön geta gefið gagnlegar vísbendingar um hvert við stefnum. Til að spá fyrir um framtíðina er ekki nóg að byggja á þeim tölum sem liggja fyrir heldur þarf að gefa sér ýmsar forsendur um hvernig ýmsar stærðir munu þróast. Slíkum spám ber þó að taka með fyrirvara enda framtíðin eðli málsins samkvæmt alltaf umlukinn óvissu. Það er ekki víst að forsendurnar sem við gefum okkur haldi, meðal annars vegna þess að slíkar spár hafa gjarnan áhrif á stefnumótun sem er þá beitt markvísst til að hafa áhrif á þróunina með því að hreyfa við tilteknum stærðum í líkaninu. Þetta á sérstaklega við ef niðurstöður spálíkansins eru túlkaðar sem óheillavænleg þróun.

Þrátt fyrir þessa óvissu geta spálíkön verið gagnleg en til að svo megi vera þurfa spárnar að hvíla á traustum forsendum auk þess sem það er mikilvægt að hver sem leggur fram slíka spá dragi á skýran hátt fram hvaða forsendur viðkomandi er að gefa sér og hvaða óvissa leiðir af þeim, til dæmis með því að sýna fram á hvaða áhrif það hefur á niðurstöðuna að breyta tilteknum forsendum.


Einfaldasta leiðin til að spá fyrir um framtíðarþróun örorkulífeyrisþega er að gera það á grundvelli lýðfræðilegra breytinga. Í slíkum spám gefum við okkur að það eina sem hafi áhrif á framtíðarþróunina sé fjöldi íbúa í landinu og aldursamsetning þeirra, að allt annað haldist óbreytt (þar með talið aldurstengdar líkur á því að vera á örorkulífeyri). Mynd 13 byggir á mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, svokallaðri miðspá og sýnir að aldursdreifing íbúa landsins á aldrinum 18-66 ára mun halda áfram að breytast á sama hátt og hún hefur verið að breytast frá 2008. Íbúar Íslands munu halda áfram að eldast. Að öðru óbreyttu leiðir það til fjölgunar örorkulífeyrisþega en spurningin, sem er ósvarað, er hversu mikil fjölgunin verður. Þetta einfalda spálíkan hjálpar okkur að fá mynd af því, með umtalsverðri óvissu. Það er hinsvegar hæpnara að líta á niðurstöðuna sem trausta vísbendingu um hver þróunin muni í raun verða enda afar ólíklegt að allar aðrar stærðir haldist óbreyttar (þar með talið aldurstengdar líkur á örorku sem eru lykilstærð spálíkansins).

MYND 13: Aldursdreifing mannfjöldans 2019 og 2030 eftir aldersbilum m.v. miðspá um mannfjölda



Myndir 14 og 15 sýna spá um fjölgun örorkulífeyrisþega fram til 2030 að því gefnu að tíðni-dreifing örorkulífeyrisþega á mismunandi aldersbilum haldist óbreytt frá því sem hún var í janúar 2019. Mynd 14 sýnir fjöldapróun og mynd 15 þróunina sem hlutfall af fólki á aldrinum 18-66 ára. Spáin notast einnig við mannfjöldaspá Hagstofunnar sem er ekki undanþegin

MYND 14: Fjöldi örorkulífeyrisþega 2019-2030



óvissu fremur en aðrar spár. Hún spáir fyrir um mögulega framtíðarþróun mannfjöldans að gefnum tilteknum forsendum sem byggja á upplýsingum úr þjóðskrá um mannfjölda, fæðingar og andlát, búferlaflutninga og áætlaða meðalævilengd. Vegna þessarar óvissu gefur Hagstofan út þrjár spár, þ.e. lágspá, miðspá og háspá sem má túlka sem spönnina á líklegum útkomum að gefnum tilteknum forsendum.

Þar sem þessi spá um þróun tíðni örorkulífeyrisþega byggir á mannfjöldaspánni hefur óvissan sem er til staðar í síðarnefndu spánni einnig áhrif á þá fyrrnefndu. Fyrir vikið sýna myndir 14 og 15 þrjár mismunandi spár; eina sem byggir á miðspá, aðra sem byggir á lágspánni og þá þriðju sem byggir á háspá mannfjöldaspár Hagstofunnar.




Samkvæmt öllum spánum munu bæði fjöldi og tíðni örorkulífeyrisþega aukast fram til 2030.

Varðandi fjöldann þá vex hann mest á fyrsta hluta tímabilsins, frá 2019 til 2023, helst svo nokkuð stöðugur fyrir mið- og háspárnar en lækkar lítillega fyrir lágspánni fram til 2028 en svo fjölgar aftur eftir það, sérstaklega þegar horft er til mið- og háspánni. Á milli 2019 og 2030 fjölgar örorkulífeyrisþegum um 737 (eða 4,1%), um 1.216 (eða 6,7%) samkvæmt miðspánni og 2.013 (11,1%) samkvæmt háspánni. Munurinn á milli há- og lágspárinnar er 1.276 einstaklingar sem getur haft umtalsverð áhrif á það hver kostnaðurinn verður.

Það er í sjálfu sér nokkuð augljóst að háspáin leiði til mestrar og lágspáin til minnstrar fjölgunar örorkulífeyrisþega þar sem þær spá fyrir um mismunandi heildarfjölda fólks á aldrinum 18-66 ára. Þróun mannfjöldans gefur líka vísbendingu um getu samfélagsins til að takast á við fjölgun örorkulífeyrisþega. Fyrir vikið er fjöldi örorkulífeyrisþega sýndur sem hlutfall af mannfjölda á sama aldri í mynd 15. Munurinn er ekki ýkja mikill en mesta aukningin leiðir af lágspánni en samkvæmt henni eykst tíðni örorkulífeyrisþega um 0,4 prósentustig, úr 7,8% í 8,2%. Bæði mið- og háspáin spá fyrir um hækkun upp á 0,3 prósentustig.

MYND 15: Örorkulífeyrisþegar sem hlutfall af mannfjölda 2019-2030




Eins og áður hefur komið fram er hæpið að líta á þessa niðurstöðu sem raunhæfa spá um fjöldapróun örorkulífeyrisþega fram til 2030. Í fyrsta lagi gerir spáin ráð fyrir því að það eina sem breytist á tímabilinu sé fjöldi og aldurssamsetning íbúa landsins. Það er ósennilegt að það verði raunin enda fjöldi breytilegra þátta sem kunna að hafa áhrif, svo sem efnahagsástandið, aðstæður á vinnumarkaði (bæði hvað varðar framboð og gæði starfa), heilbrigðiskerfið, tekju-dreifingin, kynbundin verkskipting á heimilum og almannatryggingakerfið, svo dæmi séu nefnd.

Í hluta 2 sáum við einnig að ein af lykilforsendum spálikansins, að tíðni örorkulífeyrisþega á mismunandi aldursbilum haldist óbreytt, er ekki líkleg til að halda. Tíðni örorkulífeyrisþega á tilteknu aldursbili ræðst ekki aðeins af aldurstengdum þáttum (e. ageing effect) heldur einnig af þáttum sem eru mismunandi á milli kynslóða (e. cohort effect) og tímabila (e. period effect). Forsendur geta breyst á tiltölulega stuttum tíma. Mynd 16 sýnir til dæmis tvær spár, þá fyrri byggða á stöðunni eins og hún var árið 2017 og sú seinni á stöðunni aðeins tveimur árum seinna út frá miðspá mannfjöldaspár Hagstofunnar.

Ef við notum árið 2017 sem viðmið spáir líkanið því að árið 2030 fjölgi örorkulífeyrisþegum um 2.289 og verði 8,5% af mannfjölda á aldrinum 18-66 ára en þegar við miðum við stöðuna árið 2019 spáir líkanið fjölgun upp á 1.417 örorkulífeyrisþega og að hópurinn nemi 8,1% af mannfjölda á sama aldursbili. Munurinn kemur einkum fram á árunum 2017 og 2019 og raunar voru örorkulífeyrisþegar færri sem nemur 848 einstaklingum árið 2018 en líkanið frá 2017 spáði fyrir um. Í stuttu máli, það munar 872 einstaklingum og 0,4 prósentustigum á spánni fyrir 2030 hvort líkanið byggir á tölum fyrir árið 2017 eða 2019. Það er umtalsverð breyting fyrir ekki lengra tímabil.

Ein af megin ástæðunum til að spá fyrir um fjöldapróun örorkulífeyrisþega er að áætla þann kostnað sem leiðir af henni fyrir bæði ríki og samfélag. Í nýlegri skýrslu áætla KPMG^v til dæmis að örorkulífeyrisþegum fjölgi úr um 17.400 einstaklingum árið 2017 í 22.800 einstaklinga



MYND 16: Munur á framreiknuðum fjölda örorkulífeyrisþega eftir því hvort miðað er við árin 2017 eða 2019

og að hlutfall örorkulífeyrisþega af mannfjölda á vinnualdri fari úr 8% í 9,2%. Til að áætla kostnað vegna örorkulífeyris eru greiðslur framreiknaðar miðað við þróunina síðustu fimm árin á undan og niðurstaðan er að útgjöld vegna örorkulífeyris hækki úr 41 milljarði króna í árslok 2016 í 90 milljarða króna árið 2030.

Því miður er skýrsla KPMG ekkert sérlega upplýsandi um þær forsendur sem liggja að baki þeim útreikningum sem leiða til þeirra niðurstöðu að 31% fjölgun örorkulífeyrisþega leiði til tæplega 120% útgjaldaaukningar. Í skýrslu KPMG er hinsvegar gerð ágæt grein fyrir óvissunni sem fylgir slíkri spámennsku með því að draga upp ólíkar sviðsmyndir sem leiða af mismunandi viðmiðunartímabilum sem er horft til, hvort miðað sé alfarið við fjölda örorkulífeyrisþega í árslok 2017, fjöldapróunina á tímabilinu 2015-17, á tímabilinu 2010-17 eða 2000-2017. Spönnin á niðurstöðum samkvæmt þessum ólíku forsendum er á bilinu 21.000 til 30.100 einstaklingar.

Það er fjöldi þátta sem hefur áhrif á þróun útgjalda vegna örorkulífeyrisþega. Stærð hópsins og örlæti greiðslna skipta augljóslega máli. Aldursdreifing hópsins gerir það líka en hér að ofan má sjá að hún hefur verið að breytast á undanförunum árum á þann hátt að örorkulífeyrisþegar eru að verða eldri. Þegar aldersdreifing örorkulífeyrisþega færast upp á við hefur það áhrif til lækkunar á meðalupphæð aldurstengdu örorkuuppbótarinnar enda lækkar hún með aldri. Breytt aldurssamsetning getur einnig haft áhrif á fjölda örorkulífeyrisþega með börn og þar með á útgjöld vegna barnalífeyris. Kjarni málsins er að breytingar á samsetningu örorkulífeyrisþega hefur áhrif á útgjöldin.

Þá skiptir atvinnuþátttaka örorkulífeyrisþega máli. Samkvæmt nýlegum tölum Hagstofu Íslands^{vi} voru 28,5% örorkulífeyrisþega starfandi árið 2017, þar af voru 37,6% í fullu starfi. Atvinnuþátttaka örorkulífeyrisþega skapar þeim tekjur sem hafa áhrif á þær greiðslur sem þeir fá frá Tryggingastofnun Ríkisins. Aukin atvinnuþátttaka getur því dregið úr útgjöldum hins opinbera vegna örorku. Í því samhengi geta skerðingarhlutföll og skerðingarmörk skipt umtalsverðu máli með því að hafa áhrif á vinnuhvata örorkulífeyrisþega en nýverið boðaði félagsmálaráðherra að dregið skuli úr áhrifum annarra tekna örorku-lífeyrisþega á sérstaka uppbót vegna framfærslu.^{vii} Það hver áhrif boðaðra breytinga verða á útgjöld

vegna örorku er ekki augljóst. Í einhverjum tilfellum leiðir þetta til hækkunar greiðslna til einstaklinga sem eru þá þegar í launuðu starfi, sem ýtir útgjöldum upp, en á móti kemur að aðrir örorkulífeyrisþegar munu byrja að afla atvinnutekna til að bæta lífskjör sín sem



dregur úr útgjöldunum. Heildaráhrifin á útgjöld munu þó ekki aðeins stjórna af breytingum á þeim hagrænu hvötum sem örorkulífeyrisþegar standa frammi fyrir heldur skiptir einnig máli að það sé framboð af störfum fyrir hópinn og að hið opinbera leggi sitt af mörkum til að svo sé.

Ef við ætlum að áætla þróun útgjalda vegna örorku er mikilvægt að gefa sér forsendur um ofangreinda þætti, þ.e. líklegar breytingar á samsetningu hóps örorkulífeyrisþega og áhrif

fyrirhugaðra breytinga á skerðingarmörkum og -hlutföllum (sem þurfa jafnframt að byggja á raunhæfum forsendum um eftirspurn eftir vinnuafli fólks með mismunandi tegundir örorku). Þá þarf slík spá að byggja á gefnum forsendum um verðlagsþróun yfir tímabilið sem er verið að áætla fyrir, sem er háð ýmsum óvissuþáttum. Óvissan er raunar mikil varðandi allar forsendur og því mikilvægt að taka áætlunum á grundvelli þeirra með fyrirvörum. Þá er áætlaður kostnaður ekki sérlega upplýsandi einn og sér enda skiptir hagþróun yfir tímabilið einnig máli enda ræðst geta samfélagsins til að standa straum af kostnaðinum af henni.

Auk beins kostnaðar af greiðslum til örorkulífeyrisþega er ýmis annar kostnaður sem hlýst af örorku, svo sem kostnaður lífeyrissjóða svo ekki sé minnst á kostnað fyrir heimili öryrkja sjálfra. Þá er kostnaður af úrræðum til að styðja við endurhæfingu og atvinnuþátttöku öryrkja. Þá má líta svo á að afleiddur kostnaður sé af vinnutapi vegna örorku, þ.e. verðmæti í vöru og þjónustu sem ekki verða til. Í áður nefndri skýrslu KPMG er áætlað að vegna örorku tapist sem nemur 13.496 mannsárum miðað við 40 tíma vinnuviku í 52 vikur, en þá er augljóslega ekki gert ráð fyrir orlofsréttindum og almennum frídögum sem öryrkjar njóta í sama mæli og annað fólk á vinnumarkaði þegar þeir eru starfandi. Í þessu samhengi er einnig vert að hafa í huga að atvinnuleysi á Íslandi er nú rúmlega 4%, sem er í hærra lagi, og því ljóst að störf fyrir þennan fjölda eru ekki til að svo stöddu. Þá er einnig ágætt að hafa hliðsjón af því að hlutfall fólks á vinnualdri sem er í launuðu starfi er óvída hærra en einmitt á Íslandi.

”

**VORU 28,5% ÖRORKU-
LÍFEYRISÞEGA STARFANDI ÁRIÐ
2017, ÞAR AF VORU 37,6%
Í FULLU STARFI**

Það er vandasamt að spá fyrir um þróun kostnaðar sem leiðir af flóknu samspili mismunandi þátta sem margir lúta orsökum sem stjórnvöld geta í besta falli haft áhrif á en ekki stýrt með beinum hætti, líkt og útgjöld vegna örorku gera. Til að áætlun um framtíðarútgjöld vegna örorku sé gagnleg þarf hún að hvíla á traustum forsendum sem eru lagðar á borðið með skýrum hætti svo hægt sé að meta þær. Þegar um er að ræða flókið bótakerfi, líkt og örorkulífeyriskerfið á Íslandi óneitanlega er, er mikilvægt að byggja spálíkön á örgögnum þannig að hægt sé að meta samspil hinna ólíku þátta sem hafa áhrif.



5. Sjúkdómsgreiningar


Það er ekki bara fjölgun örorkulífeyrisþega sem hefur breyst yfir tíma heldur ástæður örorku. Mynd 17 sýnir skiptingu fólks með örorku- og endurhæfingarmat eftir megin sjúkdómsgreiningu árið 2018. Geðraskanir eru algengasta sjúkdómsgreiningin sem liggur til grundvallar matsins, í 39,4% tilfella. Næst á eftir eru stoðkerfisvandamál með 26,5% tilfella. Þessar tvær greiningar skera sig úr varðandi tíðni. Næst á eftir koma sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum (8,7%), áverkar (6,3) og hinn óræði afgangsflokkur „Aðrar ástæður“ (6,3%). Aðrar greiningar eru mun fátíðari.





Fjöldi sjúkdómsgreininga hefur tekið nokkrum breytingum það sem af er þessari öld (Mynd 18). Á milli 2000 og 2018 fjölgaði einstaklingum með „aðrar ástæður“ mest, um 172,8%. Þar á eftir voru geðraskanir, 122,1%, en af mun hærri grunni en „aðrar ástæður“. Einstaklingum með mat á grundvelli stoðkerfissjúkdóma fjölgaði um 119,3% og á grundvelli innkyrtla og efnaskiptasjúkdóma um 116,5%. Fjöldi annarra greininga óx jafn mikið eða minna en fjöldi einstaklinga með 75% örorkumat eða endurhæfingarmat. Fjölgun meðfæddra skerðinga og litningafráviká hléist í hendur við fjölgun mannfjöldans á aldrinum 18-66 ára, en mötum á grundvelli krabbameins og öndunarfærisjúkdóma fjölgaði minna en mannfjöldinn gerði á sama tímabili og mötum á grundvelli sjúkdóma í blóðrásarkerfi fækkaði lítillega.

Próunin var hinsvegar öðruvísi á tímabilinu 2000-2008 og frá 2008 til 2018. Á fyrra tímabilinu voru það stoðkerfissjúkdómar sem voru í örustum vexti, en fjöldi einstaklinga með 75% örorkumat eða endurhæfingarmat á grundvelli stoðkerfissjúkdóma óx um 76,6%. Næst komu áverkar (65%), aðrar ástæður (63,1%) og geðraskanir (60,9%). Öðrum greiningum fjölgaði

MYND 17: Skipting fólks með 75% örorkumat eftir megin sjúkdómsgreiningu árið 2018





MYND 18: Örorku- og endurhæfingarmat eftir fyrstu greiningu, breytingar yfir tíma**MYND 19:** Breyting á skiptinu fólks með 75% örorkumat eða endurhæfingarmat eftir sjúkdómsgreiningum yfir tíma

minna en einstaklingum með 75% örorku- eða endurhæfingarmat. Greiningum á grundvelli öndunarfærasjúkdóma, meðfæddra skerðinga og litningafrávika og vegna sjúkdómakerfi fjölgaði minna en íbúum landsins á aldrinum 18-66 ára.

Á milli 2008 og 2018 fjölgaði mest í flokknum „aðrar ástæður“, um 67,3%, en næst komu innkirtla og efnaskiptasjúkdómar (56,7%), sem voru um miðja dreifinguna á fyrria tímabilinu, og geðraskanir (38%). Öðrum greiningum fjölgaði minna en einstaklingum með 75% örorku- eða endurhæfingarmat. Stoðkerfissjúkdómar sem toppuðu listann á fyrria tímabilinu sáu fimmtu mestu fjölgunina á því seinna (24,2%) og áverkar sem var með næst mestu fjölgunina á fyrria tímabilinu var með fimmtu mestu fjölgunina á því seinna (20,9%). Í stuttu máli, stoðkerfisvandamál og áverkar hafa vikið sem þeir þættir sem vaxa hraðast sem megin greining til grundvallar örorku- og endurhæfingarmats og í stað þeirra eru það „aðrar ástæður“, innkirtla- og efnaskiptasjúkdómar og geðraskanir. Innkirtlasjúkdómar eru hinsvegar mun fátíðari en hinar tvær greiningarnar.

Mynd 19 sýnir hvernig tíðni greininga hefur breyst yfir tíma. Geðraskanir lágu til grundvallar örorku- eða endurhæfingarmati í 35,1% tilfella og hækkaði jafnt og þétt fram til 2018, um 4,3

prósentustig. Stoðkerfisvandamál lágu til grundvallar 23,9% greininga árið 2000, hækkuðu í 27,5% árið 2008 og lækkuðu svo aftur í 26,5% árið 2018. „Aðrar ástæður“ fóru úr 4,6% árið 2000 í 6,3% árið 2018. Sjúkdómar í blóðrásarkerfum skera sig úr fyrir það að vægi þeirra minnkaði mikið yfir tíma, úr því að liggja til grundvallar örorku- og endurhæfingarmats í 8,1% árið 2000 í 4% árið 2018.



Það er nokkur munur á kynjunum hvað varðar sjúkdómsgreiningar sem liggja til grundvallar örorku- og endurhæfingarmats (Mynd 20). Konur eru meira en tvisvar sinnum líklegri til að vera með mat á grundvelli stoðkerfisvandamála (33,1% samanborið við 15% karla með mat). Karlur eru hinsvegar líklegri en konur til að vera með mat á grundvelli geðraskanir (42,4% á móti 35,7%), áverka (7,8% á móti 4,9%) og sjúkdóma í blóðrásarkerfi (5,6% á móti 2,9%). Munurinn á öðrum sjúkdómagreiningum er minni.

Breytingar yfir tíma hafa líka verið mismunandi á milli kynjanna (Mynd 21). Hvað varðar tvær algengustu greiningarnar, geðraskanir og stoðkerfisvandamál þá hefur hlutfallslega fjölgunin á milli karla og kvenna verið svipuð (38,3% fyrir konur og 37,7% fyrir karla varðandi geðraskanir og 24,9% á meðal kvenna og 22% á meðal karla hvað varðar stoðkerfisvandamál). Konum með mat á grundvelli áverka fjölgaði um 27,9% á móti 15,3% á meðal karla en körlum

með mat á grundvelli annarra ástæðna fjölgaði um 80,5% samanborið við 60,7% á meðal kvenna. Konum með mat á grundvelli tauga- og skynfærásjúkdóma fjölgaði um 29,1% en körlum um 23,8%. Það er hinsvegar erfitt að lesa í kynjamuninum á hinum greiningunum þar sem fjöldinn á bakvið hvern þeirra er fremur lítill.

6. Umræða

Hér að framan hefur verið farið yfir fjöldapróun örorkulífeyrisþega, þróunin sundurgreind eftir kyni og aldri og rýnt í þær sjúkdómsgreiningar sem liggja að baki 75% örorku- og endurhæfingarmats. Þá var gerð tilraun til að meta fjöldapróun örorkulífeyrisþega fram til 2030 og fjallað um annmarka slíkrar spálíkanagerðar.

Ef við horfum til aldamóta eða lengra aftur er óumdeilanlegt að örorkulífeyrisþegum hefur fjölgað umtalsvert. Sagan er hinsvegar umtalsvert flóknari en svo að um stöðuga fjölgun sé að ræða. Raunar var fjölgunin nokkuð ör frá 1994-2005 en eftir 2005 hægði mjög á henni. Þá benda gögnin til þess að það hafi dregið enn frekar úr fjölguninni eftir 2017. Þannig gefur það misvísandi mynd af þróun undanfarinna ára að miða við aldamótin eða miðjan síðasta áratug 20. aldarinnar því hraðari fjölgun örorkulífeyrisþega í upphafi tímabilsins litar þá skilning okkar á samtímanum.



RÚMLEGA 42% AF FJÖLGUNinni ER RAKIN TIL KVENNA Á ALDRinum 50-66 ÁRA, SEM ER MEIRA EN SAMANLAGT FRAMLAC KARLA Á ÖLLUM ALDURSBILUM TIL FJÖLGUNARINNAR

Greiningarnar hér að framan leiða jafnframt í ljós að þó fjölgun ungra karla á meðal örorkulífeyrisþega hafi verið allnokkur, er það af lágum grunni á meðan fjölgun kvenna á ýmsum aldursbilum er bæði meiri og af hærri grunni. Fjölgun örorkulífeyrisþega frá 2008 hefur þannig ekki verið drifin áfram af fjölgun ungra öryrkja og þaðan af síður af ungum körlum heldur af konum um og yfir miðjan aldur. Rúmlega 42% af fjölguninni er rakin til kvenna á aldrinum 50-66 ára, sem er meira en samanlagt framlag karla á öllum aldursbilum til fjölgunarinnar. Konur eru jafnframt líklegri en karlar til að vera örorkulífeyrisþegar og munurinn á kynjunum vex með aldri. Örorka er því kynjapólitískt mál. Ef við viljum draga úr fjölgun öryrkja þurfum við að greina hvað það er í lífshlaupi kvenna sem býr til þennan mun á kynjunum. Ein vísbending liggur í þeim mun sem er á fjölda kvenna og karla sem eru með örorku- eða endurhæfingarmat vegna stoðkerfisvandamála.

Geðraskanir eru algengasta greiningin sem liggur til grundvallar örorku- eða endurhæfingarmati og vægi geðraskanna hefur aukist stöðugt á milli 2000 og 2018. Ef því tímabili er skipt í tvö tímabil, 2000-2008 og 2008-2018 kemur í ljós að það hefur orðið nokkur breyting á þeim sjúkdómsgreiningum sem liggja til grundvallar matinu. Á fyrra tímabilinu var fjölgunin hlutfallslega mest í stoðkerfissjúkdómum og áverkum en geðraskanir og „aðrar ástæður“ voru skammt undan. Á seinna tímabilinu hafði hinsvegar dregið mjög úr fjölgun einstaklinga með mat vegna stoðkerfissjúkdóma og áverka en í þeirra stað voru það „aðrar ástæður, geðraskanir og innkyrtla og efnaskiptasjúkdómar sem leiddu fjölgunina. Það er vísbending um að undirliggjandi orsakir örorku hafi verið að breytast.



Að lokum er erfitt að spá fyrir um fjöldapróun örorkulífeyrisþega. Algeng er að gera slíkt á grundvelli mannfjöldaspár út frá mannfjölda og aldursskiptingu íbúa landsins. Slíkar greiningar geta verið gagnlegar til að átta sig á hvaða áhrif lýðfræðilegir þættir hafa, að öllu öðru óbreyttu. Annað er þó sjaldnast óbreytt. Undirliggjandi orsakir örorku breytast. Lífshlaup mismunandi kynslóða er ólíkt á ýmsa vegu sem hafa áhrif á líkurnar á örorku. Ýmsar aðstæður sem hafa áhrif á örorku og möguleika fólks með skerta starfsgetu á mismunandi tímabilum eru ólíkar. Í stuttu máli þurfum við ítarlegri greiningar á þeim þáttum sem leiða til örorku og hvernig þeir breytast yfir tíma til að 1) skýra þróunina; 2) spá fyrir um framtíðarþróunina; og 3) móta áhrifaríka stefnu til að koma í veg fyrir að fólk missi starfsgetuna og hjálpa þeim sem missa starfsgetuna að ná sér aftur á strik, eins og kostur er.

Hvernig lítur slík stefnumótun út? Útgangspunkturinn er að taka örorku alvarlega sem viðfangsefni fremur en að einblína á fjöldapróun örorkulífeyrisþega út frá kostnaði hins opinbera og samfélagsins. Á bakvið allar tölur um örorku og örorkulífeyrisþega er raunverulegt fólk með raunverulega sögu: Konur sem verja ævinni í andlega og líkamlega slítandi umönnunarstöfum, einstæðir foreldrar sem bugast af fjárhagsástæðum, þolendur kynbundins ofbeldis, fólk sem fæðist með skerðingar, foreldrar fatlaðra og langveikra barna sem fá ekki nægan stuðning og bugast af álaginu og ungmenni sem þróa með sér geðraskanir vegna atburða eða langvarandi ástands sem þau búa við en fá ekki þá hjálp sem þau þurfa. Þessi upptalning er langt frá því að vera tæmandi en gefur mynd af þeim sögum sem eru á bakvið tölurnar.

Að taka örorku alvarlega felur einnig í sér að átta sig á því að tölur um fjölda örorkulífeyrisþega eru ekki mæling á fjölda öryrkja. Ein leið til að hugsa um þetta er sú að öryrki er einstaklingur með skerta starfsgetu. Örorkulífeyrisþegar eru einstaklingar sem hafa fengið starfsgetu sína metna sem skerta og fá örorkulífeyri í krafti þess. Eitt af einkennum góðs örorkulífeyriskerfis er að það nær til og styður allan þorra þess fólks sem hefur skerta starfsgetu. Eitt sem leiðir af þessu er að samanburðir á milli landa á fjöldapróun öryrkja á grundvelli talna um örorkulífeyrisþega eru háðir miklum vandkvæðum því lífeyris- og bótakerfi mismunandi landa eru einfaldlega misgóð í að grípa þá sem þurfa aðstoð. Ef örorkulífeyrisþegum í tilteknu landi fjölgar ekki yfir skilgreint tímabil gæti það verið til marks um að öryrkjum hafi ekki fjölgað í því landi en það gæti allt eins verið að öryrkjum hafi fjölgað en velferðarkerfi viðkomandi lands hafi einfaldlega ekki náð að grípa fjölgunina.

Örorka og orsakir hennar hafa tilhneigingu til að tynast í umræðunni um „fjölgun öryrkja“ sem byggir alfarið á tölum um fjölgun örorkulífeyrisþega sem eru fyrst og fremst ræddar út frá útgjöldum hins opinbera og kostnaði samfélagsins. En eins og var komið inn á hér að ofan er veruleiki á bak við tölurnar; raunverulegt fólk, atburðir og aðstæður.

”

**Á BAKVIÐ ALLAR TÖLUR UM
ÖRORKU OG ÖRORKULÍFEYRIS-
ÞEGA ER RAUNVERULEGT FÓLK
MEÐ RAUNVERULEGA SÖGU**



Fólkið, atburðirnir og aðstæðurnar þurfa að vera útgangspunktur stefnumótunarinnar. Til að draga úr fjölgun öryrkja þurfum við að taka á þeim aðstæðum sem valda því að fólk missir starfsgetuna og getu til að taka þátt í samfélaginu. Til að gera það þarf að svara spurningum eins og:

- Hvað er það í lífshlaupi kvenna sem veldur auknum og vaxandi líkum á örorku?
- Hvaða störf eru það sem slíta starfsfólki bæði líkamlega og andlega?
- Hvað veldur vaxandi kvíða á meðal ungs fólks og þá sérstaklega ungra kvenna?
- Hvað hefur breyst sem veldur þeim breytingum á sjúkdómsgreiningum sem leiða til örorkumats?

Þetta eru aðeins dæmi um þær spurningar sem þarf að svara, en þegar þeim hefur verið svarað þarf að nota svörin til að taka á þeim þáttum sem leiða til þess að fólk missir starfsgetuna sem og getuna til að taka þátt í samfélaginu almennt.

Það þurfa að vera til staðar skjót- og skilvirk úrræði til að hjálpa þeim sem missa starfsgetuna. Slík úrræði innihalda til dæmis öflugt geðheilbrigðiskerfi, en tölur um fjölda örorkulífeyrisþega með örorkumat vegna geðraskana er ein af mörgum vísbendingum um að það sé tilefni til að efla geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Þá skiptir miklu máli að bjóða upp á öfluga einstaklingsmiðaða endurhæfingu til að hjálpa fólki að endurheimta starfsgetu eða nýta þá starfsgetu sem þegar er til staðar. Þessi þáttur hefur hlotið allnokkra athygli í íslenskri umræðu. Um þessar mundir fer fram endurskoðun á stefnumótun er varðar örorku, bæði á bótakerfum en einnig gætir aukinnar áherslu á endurhæfingu, undir merkjum svokallaðs starfsgetumats. Fyrr á þessu ári kom til dæmis út skýrsla [Nýtt kerfi starfsendurhæfingar og mats á starfsgetu](#)^{viii} sem inniheldur tillögur faghóps um mótun og innleiðingu starfsgetumats og skýrslan [Nýtt greiðslukerfi vegna skertrar starfsgetu](#)^{ix} sem inniheldur tillögur samráðshóps um breytt framfærslukerfi almannatrygginga. Það dylst engum sem hefur fylgst með þessari vinnu að það er ýmislegt umdeilt í þeim tillögum sem hafa verið lagðar fram, jafnvel svo að fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands og



Alþýðusambands Íslands neituðu að skrifa undir síðarnefndu skýrsluna og að lokum fór það svo að engin fulltrúanna í nefndinni skrifaði undir skýrsluna heldur var henni skilað með bókunum frá fimm af átta fulltrúum í samráðshópnum.

Starfsgetumat felur í sér grundvallar breytingu á nálgun samfélagsins á örorku og eins og kemur fram í skýrslu faghópsins er ekki nóg að endurskoða greiðsluferfið heldur þarf einnig aðgerðir til að tryggja framboð af störfum fyrir fólk með skerta starfsgetu og öflugt kerfi starfsendurhæfingar. Að tryggja framboð af störfum snýst ekki aðeins um tiltekin störf heldur einnig um viðhorf atvinnurekenda og annars launafólks til starfsfólks með skerta starfsgetu og að tryggja vinnuvernd þeirra síðastnefndu enda ekki augljóst að vinnuvilji öryrkja sé meiri þröskuldur fyrir virkni þeirra en til dæmis aðgengi þeirra að störfum.

Ef stjórnvöld gera breytingar á greiðsluferfinu en vanrækja hinar tvær hliðarnar hættir starfsgetumati til að snúast um harðneskjulegar vinnuskilyrðingar sem fólk með skerta starfsgetu getur ekki staðið undir vegna ónógs stuðnings og takmarkaðra atvinnutækifæra. Ef vel á að vera getur megin markmið innleiðingar starfsgetumats heldur ekki verið að draga úr kostnaði við örorku, að minnsta kosti ekki til skemmri tíma litið, þar sem ætla má að kostnaður við endurhæfingu og við að tryggja framboð af störfum fyrir fólk með skerta starfsgetu verði umtalsverður. Ef vel tekst til má hinsvegar ætla að vel útfærðar breytingar bæti lífsgjör og auki lífsgæði fólks með skerta starfsgetu, sem hlýtur að vera megin markmið svo umfangsmikilla kerfisbreytinga því ef megin markmiðið er að draga úr kostnaði er hætt við að það komi harkalega niður á öryrkjum.

Það er hinsvegar mikilvægt að hafa í huga að framboð af störfum fyrir fólk með skerta starfsgetu snýst ekki eingöngu um hlutfallslegt mat á þann hátt að til dæmis fólk sem er metið með 30% starfsgetu sé allt á sama báti. Ýmsir aðrir þættir geta haft áhrif á möguleika fólks til að nýta þó þá starfsgetu sem það býr yfir, svo sem eðli skerðingarinnar. Í mörgum tilfellum er skerðing starfsgetu ekki stöðug heldur sveiflukennd og jafnvel svo að breytingarnar geta verið hraðar og ófyrirsjáanlegar. Ef skert starfsgeta væri í öllum tilfellum stöðug væri verkefnið tiltölulega einfalt, að tryggja framboð af hlutastörfum í samræmi við starfsgetu. Þegar starfsgeta er breytileg og breytingarnar hraðar og ófyrirsjáanlegar skapar óvissan sem af því leiðir annars konar vandamál fyrir atvinnurekendur sem eru ekki allir áhugasamir um að ráða fólk með skerta starfsgetu til að byrja með. Því má ætla að möguleikar einstaklinga með slíkar skerðingar séu umtalsvert verri en einstaklinga með skerðingar sem eru tiltölulega stöðugar yfir tíma.

Þá er það ekki aðeins skerðingarnar sem slíkar sem hafa áhrif heldur hafa aðrir þættir áhrif á möguleika fólks á vinnumarkaði, hvort sem það er með skerta starfsgetu eða ekki. Sem dæmi um slíkt eru aldursfordómar á vinnumarkaði, en eins og kemur fram í þessari greinargerð má rekja stærstan hluta fjölgunar örorkulífeyrisþega á undanförunum árum til kvenna 50 ára og eldri.

Mótun og innleiðsla starfsgetumats er þannig afar flókið viðfangsefni. Ef vel tekst til kann

”

**... EKKI AUGLJÓST AÐ
VINNUVILJI ÖRYRKJA SÉ MEIRI
ÞRÖSKULDUR FYRIR VIRKNI
ÞEIRRA EN TIL DÆMIS AÐGENGI
ÞEIRRA AÐ STÖRFUM**

Það að vera til hagsbóta fyrir bæði öryrkja og samfélagið allt. Ef ekki er hætt við að það hafi þveröfug áhrif. Í ljósi þess að framboð af störfum og úrræðum til endurhæfingar eru forsenda þess að breytingar á greiðslukerfinu komi ekki niður á öryrkjum virðist rökrétt að byrja á þeim endanum enda er breytt greiðslukerfi ekki nauðsynleg forsenda þess að auka framboð af störfum og efla starfsendurhæfingu. Raunar er ekki augljóst að róttæk endurskoðun greiðslukerfisins sé nauðsynleg þess að aukin áhersla á endurhæfingu og aðgerðir til að tryggja framboð af störfum fyrir fólk með skerta starfsgetu skili árangri, það kann að vera nóg að draga úr skerðingum til að auka hvata fyrir fólk með skerta starfsgetu til að nýta sér þau úrræði og störf sem þeim kunna að bjóðast.

Að lokum má færa rök fyrir því að sjónarhorn starfsgetumatsins sé of þröngt, að endurhæfing eigi ekki að miðast einvörðungu við að efla atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu heldur þurfi víðara sjónarhorn á samfélagsþátttöku sem nær til þeirra sem eru alls ófær um að taka þátt á vinnumarkaði, því þó atvinnuþátttaka sé mjög mikilvægur liður í samfélagsþátttöku er hún síður en svo eina leiðin til slíkrar þátttöku og afar mikilvægt að samfélagsþátttaka fólks sé tryggð óháð starfsgetu.

GÖGN

Hagstofa Íslands

Fjöldi bótáþega og bótagreiðslur lífeyristrygginga 1994-2016

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__felagsmal__tryggingar/HEI03101.px

Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841-2019

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00101.px

Spá um mannfjölda eftir kyni og aldri 2018-2067:

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldaspa/MAN09010.px

Örorkulífeyrisþegar eftir tegund greiðslna, greiðendum, búsetu, kyni og aldri í desember 2007-2017

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__felagsmal__lifeyristhegar/FEL02003.px

Tryggingastofnun Ríkisins

Fjöldi með 75% örorku- og endurhæfingarmat

<https://qlik.capacent.is/extensions/TRMB06/TRMB06.html>

Örorkulífeyrisþegar, skipting eftir kyni og aldursbili í janúar ár hvert

<https://qlik.capacent.is/extensions/TRS21-22/TRS21-22.html>

Eurostat

Employment and activity by sex and age - annual data

http://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?dataset=lfsi_emp_a&lang=en

Healthy life years

https://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?dataset=hlth_hlye&lang=en

HEIMILDIR

- [i] OECD (2019) OECD Economic Surveys: Iceland 2019. París: OECD.
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2596438b-d87b-11e9-944a-005056bc4d74>
- [ii] <https://www.ruv.is/frett/fjoldi-oryrkja-tvofaldast-fra-aldamotum>
- [iii] <https://www.visir.is/g/2019190908974>
- [iv] https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php/Healthy_life_years_statistics
- [v] KPMG (2018) Þróun örorku. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3dec44ec-748b-11e8-9429-005056bc4d74>
- [vi] <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vinumarkadur/oryrkjar-a-islenskum-vinumarkadi/>
- [vii] <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/05/10/Skyrsla-um-nytt-greiðslukerfi-vegna-skertrar-starfsgetu-dregid-ur-skerdingum-og-hlutastorfum-fjolgad/>
- [viii] Faghópur um mótun og innleiðingu starfsgetumats (2019) Nýtt kerfi starfsendurhæfingar og mats á starfsgetu. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ce4ccafb-7331-11e9-943d-005056bc4d74>
- [ix] Samráðshópur um breytt framfærslukerfi almannatrygginga (2019) Nýtt greiðslukerfi vegna skertrar starfsgetu. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ce4ccafb-7331-11e9-943d-005056bc4d74>

UM HÖFUNDINN

Kolbeinn Stefánsson lauk doktorsnámi í félagsfræði frá Oxfordháskóla árið 2013. Hann hefur starfað við rannsóknir, greiningar og kennslu á ýmsum vettvangi síðan. Sérsvið Kolbeins eru lífskjör, vinnumarkaðir og velferðarmál.

FJÖLDAÞRÓUN ÖRORKULFEYRISÞEGA

ÚTGEFANDI: Öryrkjabandalag Íslands

UPPSETNING: Nýprent ehf.

MYNDIR: Úr myndabanka

PRENTUN: Pixel

Gefið út í september 2019